



Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Strandabyggð

1. gr. - Markmið.

Sveitarstjórnarfulltrúar í Strandabyggð eru kjörnir í lýðræðislegum kosningum til starfa í þágu íbúa sveitarfélagsins. Markmið siðareglna er að skerpa á helstu skyldum kjörinna fulltrúa við störf í þágu Strandabyggðar jafnframt því að gera þessar skyldur aðgengilegar íbúunum. Reglurnar eru settar á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr. - Gæsla almannahagsmuna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, sem og reglum og samþykktum Strandabyggðar. Þeim ber að gæta almannahagsmuna í störfum sínum og hagsmuna sveitarfélagsins og hafa í heiðri grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu.

3. gr. - Ábyrgð.

Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum, og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þá skulu þeir bera ábyrgð í störfum sínum gagnvart íbúum sveitarfélagsins í heild sinni og svara fyrirspurnum um framkvæmd þeirra starfa sem þeir sinna.

4. gr. - Háttvísi og valdmörk.

Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar koma fram af háttvísi. Þeim ber að virða ákvörðunarvald og réttindi annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins og hafa í huga að þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála. Þeir mega ekki hvetja eða aðstoða kjörinn fulltrúa eða starfsmann Strandabyggðar við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

5. gr. - Misbeiting valds.

Kjörnir fulltrúar skulu ætíð vera málefnalegir við ákvörðunartöku og byggja þær á lögmætum sjónarmiðum. Þeir skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Strandabyggðar.

Kjörnir fulltrúar mega ekki nota réttindi eða aðstöðu sem fylgja embætti þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra í því skyni að geta notið beint eða óbeint persónulegra hagsbóta af því. Einnig skulu þeir gæta þess að nýta sér ekki óopinberar upplýsingar til persónulegra hagsbóta eða að hjálpa öðrum til að gera það.

6. gr. - Gjafir og fríðindi.

Kjörnir fulltrúar skulu tilkynna um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna. Óheimilt er að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim sem leita eftir þjónustu Strandabyggðar, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖFILL OG ÍSA ALDHURTRECI

7. gr. - Hagsmunaárekstrar.

Kjörnum fulltrúum ber að forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Þegar kjörinn fulltrúi á óbeinna eða beinna persónulegra hagsmuna að gæta í máli sem er til umfjöllunar hjá sveitarstjórn eða í öðru nefndarstarfi fyrir hönd sveitarfélagsins, skal hann gera grein fyrir þessum hagsmunum áður en umræður fara fram og atkvæði eru greidd. Ef vafi leikur á um hagsmunaárekstra skal bera málið upp við næsta yfirboðara. Kjörnir fulltrúar, sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það.

8. gr. - Ábyrgð í fjármálum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa Strandabyggðar. Við störf sín skulu þeir ekki aðhafast neitt sem felur í sér misnotkun á almannafé svo sem einkanotkun á byggingum sveitarfélagsins, bílum, tækjum og tólum.

9. gr. - Stjórnsýslueftirlit.

Kjörnir fulltrúar skulu virða stjórnsýslueftirlit hjá Strandabyggð og leggja sitt af mörkum til þess að markmið þess náist.

10. gr. - Að virða hlutverk starfsmanna.

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Strandabyggðar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem gæti orðið kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

11. gr. - Stöðuveitingar.

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingi sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið. Þá skulu þeir gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að slíkri ákvörðun, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið.

12. gr. - Bann við að tryggja sér stöður.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki í störfum sínum leita eftir starfslegum ávinningi í framtíðinni, meðan þeir eru við störf eða eftir að þeir hafa látið af störfum til dæmis í; opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum eða þeir hafa stofnað til samningssambands við í störfum sínum.

13. gr. - Ráðsmennska.

Kjörnir fulltrúar skulu taka fullt tillit til umbjóðenda sinna og veita þeim þá bestu þjónustu sem þeim er unnt. Þetta felur m.a. í sér að leysa verkefni eftir bestu getu á sem skemmstum tíma hvort sem verkefni eru stoðverkefni milli sviða, verkefni nefnda eða bein úrlausn fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þeir skulu virða einkalíf annarra með þagmælsku um persónulega hagi og aðrar upplýsingar sem þeim kann að áskotnast í störfum sínum fyrir sveitarfélagið. Upplýsa þá sem það á við um réttindi þeirra, skyldur og úrræði til



STRANDABYGGÐ

SÓI ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKINANDI RÓFULL OG ÍSA ALDURTRECI

lausnar verkefna og vandamála. Þá skulu þeir virða og verja rétt einstaklinga til sjálfsákvörðunar eins og mögulegt er.

14. gr. – Almenn samskipti og orðræða

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt gæta orða sinna í allri umræðu eða skrifum sínum um menn og málefni sem tengjast hlutverki þeirra sem sveitarstjórnarfulltrúi. Þetta á jafnt við hvort heldur sem er í beinni umræðu manna í milli, á samfélagsmiðlum eða í greinaskrifum. Orðræða kjörinna fulltrúa skal ávallt vera þeim og þeirra málstað til sóma.

15. gr. – Siðferði, hegðun og framkoma

Starfsmönnum ber að fylgja stjórnslulögum og öðrum lögum, reglugerðum og reglum er varða starfssvið þeirra. Þeir skulu sýna trúnað í samskiptum sínum við íbúa sveitarfélagsins, samstarfsfólk, í nefndarstörfum, utan vinnu jafnt sem innan vinnustaða og við aðra þá aðila sem eiga samskipti við sveitarfélagið Strandabyggð og stofnanir þess.

Áreitni eða ósæmleg hegðun kjörinna fulltrúa gagnvart íbúum, eða starfsfólki Strandabyggðar, eða hverjum öðrum sem þeir eiga í samskiptum við verður ekki liðin á nokkurn hátt. Hér er átt við kynferðislega áreitni, ósæmlega hegðun eða sérhvert það athæfi sem í orði eða verki, stuðar, truflar eða ógnar öðrum einstaklingum

Þagnarskylda starfsmanna um trúnaðarmál helst þó látið sé af störfum hjá sveitarfélaginu. Undir þagnarskyldu falla ekki upplýsingar um lögprot eða aðra ámælisverða háttsemi starfsmanna stjórnvalda. Starfsmenn skulu ekki þiggja greiðslur eða önnur verðmæti frá viðskiptavinum sem túlka má sem greiðslu fyrir greiða.

16. gr. - Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, embættismanna og almennings.

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér siðareglurnar og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum. Þeir skulu og staðfesta þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur Strandabyggðar skulu vera hluti af starfsskyldum stjórnenda sveitarfélagsins.

Samþykkt á fundi 1217 í sveitarstjórn Strandabyggðar 14. janúar 2014. Breyting samþykkt á sveitarstjórnarfundi 1337 í sveitarstjórn Strandabyggðar, 11. október 2022.


Þorgeir Pálsson
Oddviti Strandabyggðar

